

Úr bókinni AUM.

..

25. Því að tóna Aum þegar mögulegt er að fara með bæn? Að innihaldi eru þau eitt og hið sama, en vegna þess hve hljómurinn Aum er ævafor og hreinn er sveiflutíðni hans sterkari. Íhugum djúpt hljóm þessa æðsta hugtaks. Orðið sjálft er sveiflutíðni; þörf er á slíkum hljóm fyrir samræmið í rúminu.

Miklir verkamenn andans biðja ekki fyrir sjálfum sér.

26. Fólki mun koma og segja að jafnvel hin æðsta fræðsla fullnægi þeim ekki. Enn þráir það eitthvað annað. Spyrjið það hvaða persónulegan ávinning það óski sér -- þú gerir ekki rangt að spyrja þannig. Óánægja þess sprettur of oft af löngun eftir persónulegum ávinningi. Óendanleiki freistar ekki slíkra hræsnara. Eini áhugi þeirra felst í brennandi leit að efnislegum unaði. Þeir munu ekki dvelja lengi í návist fræðslunnar; þeir koma sér burt jafnskjótt og þeir skynja hið andlega en ekki hið efnislega. Þannig fólk verður að verstu svikum þegar það finnur ekki sjóð silfurs. Því mun hvorki máttur Náðar né Aum hafa áhrif á það eða upplýsa hið kolsvarta hjarta er áfram svart og verður að ösku.

27. Þið sjáið sjálf hvernig hin bestu hjörtu þjást vegna myrkra fyrirætlana fólks. Fyrir þeim illu eru hreinar ójarðneskar hugsanir aðeins skotmark háðs og spotts. Ómögulegt er að lýsa því sem mettar andrúmsloft jarðarinnar. Hugsanaform málsvara myrkursins eru sem óteljandi klær! Tákn lífsins -- krossinn -- taka þeir niður sem óhæft tákn til upphafningar. Jafnvel þó þetta merki sé viðvörðun um hættu, þá leitast þjónar myrkursins við að sundra því. Við ættum ekki að hunsa vélbrögð hins illa. Og verðum að vera meðvituð um raunveruleikann, þess betur er hægt að meta mátt Náðarinnar til frelsunar.

28. Særingar eru óleyfilegar, þær eru glæpur gegn mannkyninu. Ekki má líta á særingar sem rangindi gagnvart einum einstaklingi. Afleiðingar særinga eru miklu mun viðurstygilegri, þær ganga gegn alheimslegri birtingu og skapa ringulreið á yfirjarðnesku lögunum. Þó særingarmanninum mistakist að koma höggi á andstæðing sinn er ekki þar með sagt að högg hans hafi ekki hitt menn annars staðar, ef til vill í mörgum löndum. Sveiflutíðni hins illa getur fundið sér stað þar sem síst skyldi. Það er ómögulegt er að gera sér grein fyrir þeim fjölda dauðsfalla og veikinda sem illur vilji hefur orsakað! Þessir svermar af klóm berast um geiminn og enginn getur séð fyrir hvar sá eitraði hópur stingur sér niður. Máttugur andi ver sig gegn illum sendingum, en einhvers staðar mun veiklundaður maður verða fyrir áhrifum þeirra. Slíkt tjón fyrir alheiminn er ekki hægt að meta. Aðeins máttur tónaðs Aum getur komið á samræmi mitt á

meðal hinna fólsku sveiflna. Jafnvel máttur Náðarinnar getur ekki unnið með fullum krafti ef hann þarf að verjast dreifingu hins illa á leið sinni. Brýnt er að vara mannkynið við öllum særingum.

29. Enginn skyldi gera gys að bæn. Jafnvel þó hún sé frumstæð, er hún samt sem áður vottur um hið andlega. Það hæfir ekki manni að gera gys að virðingarverðustu viðleitni meðbróður síns. Maðurinn hefur engan rétt til að gera litið úr beiðni til hins ædsta. Venjulega gerir lítilmótlegt fólk sér sérstakt far um að ráðast á bænir annarra. Fyrir því er Aum og aðrar bænir tilefni til óhæfilegs háðs og spotts. Mjög oft er svo lítilmótleg vitund afleiðing grófrar fáfræði.

30. Markverð sérkenni eru tengd hinum mismunandi trúarbrögðum. Fyrir á tímum var talið nauðsynlegt að prestur laugaði sig og klæddist hreinum klæðum áður en gengið var til bæna. Nú tíðkast hið gagnstæða -- skrautleg klæði hið ytra, en hreinleikinn hið innra hefur gleymst. Við skulum skoða slíka hnignun grundvallaratriða og íhuga stöðu andlegra eiginleika. Mikilvægi þess að ákalla hið ædsta hefur að miklu leyti gleymst. Skrifaðar hafa verið margar bækur, en þó eru hjörtun ósnortin. Því er nauðsynlegt að muna að ekki er þörf á skrautlegum klæðum, heldur hreinleika. Lát hreinleika leiðarinnar leiða til hreinleika hjartans. Bæn getur ekki risið frá óhreinu hjarta.

31. Engin trúarbrögð hafa nokkru sinni krafist byggingu mustera. Þau hafa risið smátt og smátt sem merki virðingar. Hin upprunalegi sáttmáli hefur alltaf verið andlegur og af afdráttarlaus. Einungis síðar hefur lögmál andans verið sett undir jarðneskar siðareglur. Hversu margir hinna fegurstu vængja hafa ekki sviðnað í jarðneskum eldum! Við eigum að hefja okkur upp fyrir allar siðareglur til að geta lyft okkur hærra. Látum því hinn helga samhljóm, Aum, fylla hjartað náð eins og á bestu tímum mannkynsins.

32. Oft verðum við vör við misskilning hvað orðið samhljómur merkir. Sumir ímynda sér það sem hátt hljóð, en hljóðið þarf ekki að heyrast fremur en þensla hjartans. Því það er hjartað sem syngur; það endurómar og fyllir allt lífkerfið sérstakri orku. Sjálf bænin, Aum, getur einnig komið frá hjartanu, en gefið frá sér sömu útgeislun og framborið hljóð.

Menn skyldu venja sig við tjáningu hjartans. Ekki er hægt að tjá betur stöðuga viðleitni sína með öðru en bæn hjartans.

33. Réttilega hefur verið bent á að ákveðin máttarorð hafa tapað merkingu sinni og halda aðeins hljóminum. Þannig má sjá mikilvægi sveiflutíðni. Af þessari ástæðu var margt ekki skrifað á blað, heldur tjáð munnlega. Letrið eitt sér án hjóms veldur ekki áhrifum. Það sem meira er, sjálfur eiginleiki raddarinnar hefur sérstaka þýðingu. Djúpur tónn frá brjósti getur gefið meiri

hljómfyllingu heldur en hár tónn, flatur eða tónn frá nefi. Þannig er það ekki aðeins laglínan sjálf sem er mikilvæg heldur einnig eiginleiki raddarinnar. Ég tel að nú á tímum sé eiginleiki raddarinnar vanmetinn. Það er ekki styrkur né tæknileg fullkomnun sem er mikilvæg, heldur innra seiðmagn, hið sama er grundvallarskilyrði í sönglist. Margar raddir hafa verið sviptar hinum náttúrulegu eiginleikum sínum með aðferðum raddþjálfunar.

34. Bænina mun aldrei skorta fegurð; nær og fjær flytur hún hið máttuga ákalli. Lærið að elska fegurð hljómsins. Mannsröddin er í raun kraftaverk. Sjá má að tjáning raddarinnar er áhrifarík, jafnvel án orða. Allir hafa heyrt kórsöng í fjarlægð; þó orðin séu ekki greinanleg, lifa töfrar hljómsins. Því er ætíð mikilvægt að muna hve mörg kraftaverk búa í manninum.

35. Bænin er upphafning og alsæla. Eigingjörn bæn er fremur síðari tíma venja. Hvernig getur maður beðið fyrir sjálfum sér? Veit ekki hin æðri viska hvers maðurinn þarfnast? Bænin er tengirás inn í straum góðverka. Straumurinn flæðir ríkulega, en þar er nauðsynlegt að sameinast honum. Maðurinn verður að finna í hjarta sínu samræmi sem er verðugt að mæta og meðtaka hina æðstu og helgustu fjársjóði. Því er sérhver eigingjörn bæn óviðeigandi. Það var aðeins þegar trúin varð tæki ríkisins að farið var að stunda hefðbundnar fyrirbætur gegn greiðslu. Bætur og peningar -- hve ósamrýmanlegt! Af þessari ástæðu hafa margir fælst frá hinni launuðu þjónustu. Öll gleði upphafinnar bætur flýgur á braut þegar klingir í málmi.

36. Þið hafið heyrt bætur fuglanna -- litlu bræðurnir vita hvernig á að bjóða ljósið velkomið. Þeirra gleðilegasta tjáning er frammi fyrir mikilfengleika ljóssins. Plönturnar teygja sig í átt til ljóssins. Aðeins maðurinn hugsar um magafylli sína þegar andi hans ætti að vera fylltur tign hins æðsta. Þannig fremur hann helgisþjöll sem eru ekki ósvipuð sjálfsmorði. Göfugir sálmar hafa verið ortir, en fólk flytur þá, ósnortið í hjarta rétt eins og glamri í glerbrotum. Tími er kominn til að snúa sér aftur að grundvallaratriðum og að fordæmi jafnvel hinna minnstu bræðra kalli menn aftur til æðri leiða.

37. Líkja má bætur við segul. Bætin þenur hjartað og dregur til sín hinar bestu hugsanir úr geimnum; þótt slíkar hugsanir jarðneska sviðsins séu ekki Náðin sjálf eru þær samt af hinu góða. Að auðgast vegna slíkra hugsana gefur nýjan mátt, líkt og samfundir vina. Slíka vini ber að meta. Þó maður eigi ekki mót við þá eru þeir nálægir. Allt umhverfis er gnótt af þeim, það verður aðeins að senda þeim hlýjan hug. Bætin býr yfir eiginleikum segulmagns.

38. Andstæða bætur er guðlast. Það mengar og truflar geiminn. Í borgum er bannað að reka verksmíðjur sem framleiða eitruðar lofttegundir, þó er guðlast og illt orðbragð mun skaðlegra. Fólk er tregt til að losa sig við mjög hættuleg efni sem valda hræðilegum sjúkdómum, þó ekki sé minnst á sjúkdóma sem orsakast af truflunum í andrúmsloftinu. Hræðilegra en nokkur sjúkdómur

er eyðilegging sviðsins næst jörðinni. Hversu margar bænir og góðviljaðar hugsanir þarf til að fylla þessi hyldýpi og sár í geimnum? Ef ófrjóar eyðimerkur og fellibyljir eru hættuleg, þá er sömu hættu boðið heim þegar mannkynið tortímir uppbyggingarkröftum sem eru allt umhverfis það. Frumur sem ræna frá sjálfum sér eru sem rotnandi grafir.

Varist guðlast!

39. Aldrei er hægt að semja vopnahlé við Satan. Í nálægð Satans er aðeins undirokun. Ómögulegt er að blíðka Satan. Aðeins í óttaleysi er hægt að ganga yfir hann eða í gegnum hann. Í fornri sögn er sagt frá því hvernig Satan ætlaði sér að hræða einbúa. Hann birtist frammi fyrir honum í ógnvænlegu gervi. En meinvætamaðurinn fylltist eldlegri geislun og réðst á Satan og brenndi sér leið í gegnum hann. Eldur hjartans er máttugri en nokkur satanískur logi. Allar háðsglósur umhverfast í sviðnar glettur sé maður haldinn slíkum eldi. Þannig skulum við ráðast að Satan.